# FRÉTTABLAÐIÐ

81. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 27. APRÍL 2021

20 ÁRA




**Það má með sanni segja að sumarið sé farið að gera vart við sig. Blíðviðri var á sunnudag og mánudag og höfuðborgarbúar troðfylltu útisæti veitingastaðanna, til að mynda á Austurvelli. Gera má ráð fyrir meira bjartviðri á miðvikudag en í dag verður skýjað og ögn svalara en undanfarna daga. Úrkomulítið ætti að vera á suðvesturhorninu fram yfir helgi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Úrskurðaðir í sóttvarnahús

Úrskurður héraðsdóms um skyldudvöl hjóna í sóttvarnahúsi var staðfest af Landsrétti í gær. Var annar talinn hafa sýnt framferði sem raskar almannahagsmunum með því að dvelja ekki á tilkynntum stað.

**DÓMSMÁL** Landsréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að sóttvarnalækni hafi verið heimilt að kveða á um skyldusóttkví hjóna sem komu til landsins með Norrænu þann 18. apríl.

Málavöxtum er þannig lýst í úrskurði að hjónin hafi farið í sýnatöku á landamærastöðinni á Seyðisfirði. Í báðum tilvikum voru sýnin neikvæð. Áttu þeir þá að fara í sóttkví fram að seinni sýnatöku og hugðust gera það í sumarbústað.

Í kjölfar sýnatökunnar sagðist annar þeirra hafa glímt við þráláta sýkingu og óþægindi í nefkokinu. Þetta hafi verið afar slæmt þar sem þeir glíma báðir við aðra sjúkdóma sem þeir þurfa að taka lyf við og vildu að seinni sýnatökunni yrði háttað öðruvísi en með PCR prófi. Vegna sýkingar leitaði hinn fyrrnefndi til læknis eftir heimkomu og vottaði læknir um sigið augnlok.

Áður en þeir fóru í sumarbústaðinn hringdi lögreglumaður sem taldi annan þeirra reyna að komast undan skimun. Þá höfðu þeir komið við í apóteki. Voru þeir færðir í sóttvarnahús.

> **Því verður hins vegar slegið föstu í málinu að varnaraðili hefur ekki verið til samstarfs við sóttvarnaryfirvöld og brotið reglur um heimasóttkví.**
>
> Úr dómi Landsréttar

Í forsendum úrskurðarins er ekki dregið í efa að ákvörðunin um vistun í sóttvarnahúsi eigi lagastoð og yfirvöld hafi ekki gengið fram með offorsi eða óbilgirni í málinu.

„Því verður hins vegar slegið föstu í málinu að varnaraðili hefur ekki verið til samstarfs við sóttvarnaryfirvöld og brotið reglur um heimasóttkví,“ segir í dómnum. „Það gerði hann með því að fara sannarlega ítrekað úr húsi og skipta um dvalarstað án þess að tilkynna slíkt.“

Hafi hinn fyrrnefndi ekki verið tilbúinn til að gangast undir seinni sýnatöku og að því virðist ekki farið í sumarbústaðinn. Framferði hans sé því til þess fallið að raska almannahagsmunum. Vistunin er til klukkan 11 í dag. – **khg**

## Spennandi og dálítið skrýtið

**SAMFÉLAG** „Það var rosalega gaman að sjá þetta og rosalega spennandi. En það var líka dálítið skrítið,“ segir Viðja Karen Vignisdóttir, tíu ára söngkona á Húsavík.



**Viðja Karen Vignisdóttir, söngkona frá Húsavík.**

Viðja er ein þeirra sem tóku þátt í flutningi á laginu Husavik – My Hometown á Óskarsverðlaunahátíðinni aðfaranótt mánudags. Þar söng hún í kór ásamt sextán stúlkum og sænsku söngkonunni Molly Sandén. – **bdj** / **sjá síðu 2**






Bólusetning í Laugardalshöll í mars.

## Mikill kraftur í bólusetningum

**COVID-19** Vikan 26. apríl til 2. maí verður sú umfangsmesta í bólusetningum hérlendis hingað til. Rúmlega 26 þúsund einstaklingar verða bólusettir, þar af fá 23 þúsund sína fyrri bólusetningu.

Af þeim fá 9.300 einstaklingar bóluefni frá Pfizer. Um 16 þúsund einstaklingar fá bóluefni AstraZeneca en það eru skammtarnir sem Íslendingar fengu að láni frá Noregi. Þá verður bólusett með bóluefni Janssen í fyrsta skipti hér á landi. Einungis þarf að fá einn skammt af bóluefni frá því fyrirtæki.

Nú hefur 80.721 fengið einn skammt eða fleiri af bóluefni, sem eru tæplega 30 prósent af heildarfjölda skammta sem gefnir verða. Stefnt er að því að um komandi mánaðamót verði búið að bólusetja 104.000 með einum skammti bóluefnis. – **hó**

## Tímamót í réttarsal



Aðalmeðferð fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli Marek Moszczynski, karlmanns á sjötugsaldri sem er ákærður fyrir íkveikju, manndráp og tilraun til manndráps vegna brunans á Bræðraborgarstíg í júní árið 2020. Málið er það fyrsta sinnar tegundar hér á landi þar sem einstaklingur er sakaður um þrefalt manndráp. Marek hélt fram sakleysi sínu í réttarsal og neitaði að gefa skýrslu fyrir dómnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fleiri handrit verði lánuð til Íslands en ekki gefin

**MENNING** Komi fleiri skinnhandrit frá Danmörku verða þau lánuð en ekki gefin. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, sem hefur lýst vilja sínum til að fá fleiri handrit til landsins skipaði nefnd í síðustu viku til þess að ræða það fyrirkomulag.

Munu umræður nefndarinnar og sams konar nefndar Dana byggja á handritasáttmálanum sem undirritaður var árið 1965 og handritasafninu ekki skipt upp á nýtt. Um 1.400 handrit eru á tveimur söfnum í Danmörku.

„Það eru aðrir tímar en þegar sáttmálinn var gerður. Ég veit að Danir hafa skilning á mikilvægi handritanna fyrir íslenska þjóðarsál, tungumál okkar og sjálfsmynd. Við munum að sönnu standa við okkar skuldbindingar og virða gerða sáttmála,“ segir Lilja. „Fyrir mér snýst málið ekki um eignarhald heldur skyldu okkar til að auka veg og virðingu þessa menningararfs og

> **Það eru aðrir tímar en þegar sáttmálinn var gerður.**
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

það gerum við með því að sýna handritin, ræða þau og rannsaka og leyfa sögu þeirra að þróast og fylgja tímanum.“

Fyrirkomulag lánanna og tímalengdir hafa ekki verið ræddar. Heldur ekki lán á einstökum handritum úr Árnasafni. Samkvæmt Lilju er einnig til skoðunar að óska eftir íslenskum handritum sem geymd eru annars staðar en í Danmörku.

„Ég tel mjög mikilvægt að fleiri handrit komi heim og verði hér til sýnis því það er eitt að heyra og lesa um hluti í bókum eða á netinu. Það er annað sjá fjársjóði með eigin augum,“ segir hún. – **khg**






# Kórinn keypti nammi og horfði á Óskarinn

**Viðju Karen Vignisdóttur fannst skrítið og skemmtilegt að sjá sig í sjónvarpinu á Óskarsverðlaununum í myndbandi við lagið Husavik. Kórstelpurnar fengu að vaka fram eftir og horfðu saman á verðlaunhátíðina í Hvalasafninu.**

**SAMFÉLAG** „Þetta er búið að vera rosalega skemmtilegt,“ segir Viðja Karen Vignisdóttir, tíu ára söngkona á Húsavík. Viðja er ein þeirra sem tóku þátt í flutningi á laginu Husavik – My Hometown á Óskarsverðlaunahátíðinni sem fram fór aðfaranótt mánudags. Þar söng hún í kór ásamt sextán stúlkum og sænsku söngkonunni Molly Sandén.

Viðja og stelpurnar í kórnum fengu að vaka fram eftir og horfa á Óskarsverðlaunin saman á Hvalasafninu á Húsavík. „Það var keyptur hellingur af nammi og við horfðum á þetta saman, það komu ekki allar en eiginlega allar,“ segir Viðja.

Hún segist hafa fundið fyrir stolti þegar hún sá sig í sjónvarpinu og að það hafi verið skrítin tilhugsun að hún væri í sjónvarpinu um allan heim. „Það var rosalega gaman að sjá þetta og rosalega spennandi,“ segir Viðja. „En það var líka dálítið skrítið og við förum eiginlega bara allar að hlæja þegar þetta byrjaði,“ bætir hún við og skellir upp úr. Spurð að því hvort hún og hinar stelpurnar hafi verið svekktar þegar í ljós kom að Husavik hreppti ekki verðlaunin segir Viðja að þær hafi verið „frekar fúlar“.

Kórinn var sérstaklega settur saman fyrir myndbandið sem sýnt var á hátíðinni og hefur Viðja aldrei áður sungið í kór. Þrátt fyrir það segist hún vel geta hugsað sér að verða söngkona þegar hún verður eldri. Þá segir hún upptökurnar á myndbandinu hafa verið sérstaklega skemmtilegar.

„Þegar við hittum Molly þá vorum við svo glaðar að við bara öskruðum,“ segir Viðja. „Það tók alveg tvo daga að gera þetta. Fyrsta




Stelpurnar létu fara vel um sig yfir Óskarnum. MYND/BERGLIND RAGNARSDÓTTIR

> **Það var rosalega gaman að sjá þetta og rosalega spennandi. En það var líka dálítið skrítið og við förum eiginlega bara allar að hlæja.**
>
> Viðja Karen Vignisdóttir, söngkona frá Húsavík



daginn var þessu frestað en það var ekkert mál, við gerðum þetta bara næsta dag,“ segir Viðja hógvær.

„Við áttum bara að vera að horfa á einn mann sem var bara alltaf að gera það sama og það voru myndavélar allt í kringum okkur, það var dálítið erfitt að horfa ekki í þær,“ segir Viðja. Hún segir að stelpurnar hafi einnig stundum þurft að bíða á meðan á tökunum stóð og þá hafi verið mikilvægt að vera þolinmóð.

„En það var reyndar eitt sem okkur fannst öllum dálítið gaman, við fengum nefnilega rútu sem við áttum að bíða í og við vorum alltaf að spila lög þar og syngja með inni í rútunni,“ segir Viðja. Mesta spilun fékk auðvitað Husavik og stelpurnar nýttu tímann sem fór í bið til að æfa sig.

Lagið Husavik er úr kvikmyndinni Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga, og var tilnefnt sem besta upprunalega lag í kvikmynd. Lagið Fight for You, úr myndinni Judas and the Black Messiah, hreppti styttuna eftirsóttu.

birnadrofn@frettabladid.is




**Tekjufallsstyrkir eru ætlaðir þeim fyrirtækjum, þar með talið einstaklingum í sjálfstæðum rekstri, sem orðið hafa fyrir miklu tekjufalli vegna áhrifa frá heimsfaraldri kórónuveirunnar.**

Styrkurinn tekur til rekstrartímabilsins 1. apríl til 31. október 2020, að uppfylltum ýmsum skilyrðum.

- Átt þú rétt en hefur ekki sótt um?
- Átt þú kannski eftir að ljúka við að sækja um og undirrita með rafrænum skilríkjum?

**Vakin er athygli á því að umsóknarfrestur er að renna út. Sækja þarf um í síðasta lagi 1. maí 2021.**

**Sótt er um í gegnum þjónustusíðu umsækjanda hjá Skattinum.**

Leitaðu nánari upplýsinga á *Skatturinn.is*, í þjónustusíma 442 1000 eða með tölvupósti til ***covid@skatturinn.is***

Skatturinn | skatturinn@skatturinn.is | 442 1000 | Upplýsingaver opið: Mán.-fim. 9:00-15:30 Fös. 9:00-14:00



Sorpa hefur tekið stefnubreytingu.

## Glærir pokar skylda á Sorpu

**UMHVERFISMÁL** Viðskiptavinum Sorpu ber að koma með allan úrgang og endurvinnsluefni í glærum pokum á endurvinnslustöðvar. Viðskiptavinir hafa til 1. júlí til þess að klára svörtu ruslapokana og skipta þeim út fyrir glæra.

Sorpa fagnaði þrjátíu ára afmæli sínu í gær og í tilefni dagsins fengu allir viðskiptavinir glæran poka að gjöf. Glærir pokar fást keyptir á endurvinnslustöðvum Sorpu og í helstu stórverslunum á höfuðborgarsvæðinu innan skamms.

„Staðreyndin er því miður sú að meira en helmingurinn af öllu því sem viðskiptavinir okkar skila í gáminn fyrir blandaðan úrgang á sér endurvinnslufarvegi. Efnið sem fer í gáminn fer hins vegar beint í urðun.

Glæru pokunum er ætlað að auðvelda starfsfólki endurvinnslustöðvanna að hjálpa viðskiptavinum okkar að skila endurvinnsluefnunum í réttan farveg,“ segir Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu.

Fram kom í tilkynningu frá Sorpu að endurbætt verslun Góða hirðisins við Hverfisgötu 94-96 verði opnuð aftur eftir framkvæmdir. **– hó**

## Kaupmáttur hefur aukist

**EFNAHAGSMÁL** Launatekjur drógust saman um tvö prósent milli áranna 2019 og 2020 samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Á sama tímabili drógust skattar á laun saman um eitt prósent. Samdráttur inn skýrist af auknu atvinnuleysi.

Þrátt fyrir samdrátt í launum jukust ráðstöfunartekjur um rúm sjö prósent. Áætlað er að meðal ráðstöfunartekjur hafi numið tæpum 4,2 milljónum króna árið 2020 og aukist um 5,4 prósent frá árinu á undan. Þá er áætlað að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi aukist um 2,5 prósent á sama tímabili.

Heildartekjur heimilanna jukust um þrjú prósent og vegur þar þyngst aukning lífeyristekna og félagslegra tilfærslna um 105 milljarða, eða 27 prósent, frá fyrra ári. **– bdj**

# Tveggja ára gatnalokun í Lækjargötu brátt aflétt

**SKIPULAG** Íslandshótel, sem eru að byggja nýtt hótel við Lækjargötu, stefna á að opna hótelið vorið 2022. Davíð T. Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, segir að vinnan gangi vel og að framkvæmdum utandyra sé nánast lokið. Þegar þær klárist sé hægt að færa sig inn og aflétta gatnalokuninni sem hefur varað í hartnær tvö ár.

„Við erum með samning fram á sumar og erum að minnka þetta eins og við getum, þannig að vonandi getum við aflétt þessu tiltölulega fljótt,“ segir Davíð. Þrátt fyrir COVID-faraldurinn er engan bilbug á Íslandshótelum að finna. Í pípunum er að stækka Grand Hótel á svokölluðum Blómavalsreit við Sigtún.

„Við erum búin að vera að vinna í stækkun á Grand hóteli þó sú framkvæmd sé ekki byrjuð. Við erum búin að hanna allt, bæði hótelstækkunina og íbúðir. Það er í vinnslu og svo sem lítið hægt að segja meira. Það er okkar næsta stóra mál, trúlega það stærsta sem við höfum farið í,“ segir Davíð. **– bb**



Lækjargatan hefur verið lokuð í hartnær tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Losun á Íslandi dróst saman áður en faraldurinn skall á

**Vegasamgöngur, úrgangsurðun og breytingar í fiskveiðum og landbúnaði eru stærstu þættirnir sem leiddu til þess að losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi dróst saman milli áranna 2018 og 2019. Umhverfisráðherra telur að Íslendingar hafi þegar náð toppnum varðandi losun frá vegasamgöngum.**

**UMHVERFISMÁL** Losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi dróst saman um tvö prósent á milli áranna 2018 og 2019. Ekki hefur mælst meiri samdráttur síðan árið 2012. Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra segir að um afar ánægjulegar fréttir sé að ræða. „Þetta bendir til þess að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til hér á landi á undanförnum árum séu farnar að sýna mælanlegan samdrátt,“ segir hann.

Samdrátt í losun má helst rekja til vegasamgangna, urðunar úrgangs, fiskiskipa og landbúnaðar. Á milli ára dróst losun frá vegasamgöngum saman um tvö prósent og er það í fyrsta skipti sem sjá má samdrátt í þeim flokki síðan árið 2014.

Guðmundur segir samdrátt í vegasamgöngum að einhverju leyti mega rekja til samdráttar í ferðaþjónustu en að mikilvægt sé að minna á að um tölur frá árinu 2019 sé að ræða, samdrátturinn tengist því ekki kórónaveirufaraldrinum.

Hins vegar sé um að ræða samdrátt í losun vegna aukinnar áherslu á fjölbreyttari ferðamáta og fjölgun umhverfisvænni bíla. „Mér sýnist á öllu að 2018 sé árið þar sem toppnum varðandi losun frá vegasamgöngum var náð og nú sé leiðin niður á við. Það er mjög mikilvægt vegna þess að vegasamgöngur eru stærsti losunarþátturinn í beinni ábyrgð Íslands og hefur fram til þessa verið að aukast,“ segir Guðmundur.

Losun á beinni ábyrgð Íslands er sú losun sem íslensk stjórnvöld munu þurfa að gera upp gagnvart Evrópusambandinu bæði vegna skuldbindinga er varða Kýótóbókunina og Parísarsamkomulagið. Markmið Íslands er að ná 29 prósenta samdrætti í losun árið 2030, miðað við árið 2005. Þetta markmið hefur þó verið hækkað frá útgáfu aðgerðaáætlunar stjórnvalda.




Fjölgun bifreiða sem keyra á umhverfisvænni orku hafði töluverð áhrif á losunartölurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Nú erum við komin með stjórntækin til þess að gera þetta en svo getur þurft að herða einhvers staðar.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra

Losunin hafði dregist saman um átta prósent árið 2019, miðað við 2005, og segist Guðmundur bjartsýnn að markmiðum verði náð. „Við metum það svo að við munum ná markmiði okkar samkvæmt Parísarsamkomulaginu og það byggjum við á aðgerðaáætlun frá því í fyrra en við erum enn að útfæra ákveðnar aðgerðir sem munu skila okkur árangri,“ segir hann.

„Nú erum við komin með stjórntækin til þess að gera þetta en svo getur þurft að herða einhvers staðar. Auðvitað eigum við alltaf að vera í hópi þeirra þjóða sem setja sér metnaðarfyllstu markmiðin og grípa til hertra aðgerða ef þess er þörf,“ segir Guðmundur og að í þeim efnum hafi strax verið stigið stórt skref en sameiginlegt markmið Íslands, Noregs og ESB um samdrátt í losun fyrir árið 2030 hefur verið hækkað um fimmtán prósent.

Losun frá fiskiskipum dróst saman um 5,4 prósent og frá urðun úrgangs dróst hún saman um 16 prósent. Guðmundur segir að varðandi urðun úrgangs sé um að ræða bein áhrif þess að flokka rusl og breytinga á meðhöndlun úrgangs.

**birnadrofn@frettabladid.is**







**Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:**

**Akureyri:** Bílaríki, Lónsbakka.
**Egilsstaðir**: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
**Hvolsvellir**: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
**Ísafjörður**: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
**Reykjanesbær**: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

**Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi
YouTube

**Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100**



**Dómarar hæstaréttar Bandaríkjanna.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Snapchat-færsla fyrir hæstarétt

**BANDARÍKIN** Á miðvikudag fara fram réttarhöld í hæstarétti Bandaríkjanna sem eiga rætur sínar að rekja til Snapchat-færslu.

Hin fjórtán ára gamla Brandi Levy var rekin úr klappstýruliði Mahanoy Area menntaskólans eftir að hafa birt mynd af sér og vinkonu sinni á Snapchat þar sem þær gáfu fingurinn og sögðu skólanum, hafnaboltaliðinu og klappstýruliðinu að fara til fjandans.

Foreldrar Levy ákváðu að kæra málið til fylkisyfirvalda í Pennsylvaníu og endaði það á borði hæstaréttar Bandaríkjanna. Talið er að málið sé eitt það þýðingarmesta er varðar málfrelsi nemenda í Bandaríkjunum síðustu fimmtíu ár. **– þsh**




**Bólusett með Pfizer í Hong Kong.**

## Stórveldi bítast með skírteinum

**ALÞJÓÐAMÁL** Ríki heimsins eru nú að koma sér upp bóluefnaskírteinum fyrir ferðalanga en óvíst er hversu víðtækt þau gilda.

Ursula von der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði í viðtali við New York Times að stefnt væri á að hleypa Bandaríkjamönnum með viðurkennd bóluefnaskírteini inn í lönd ESB í sumar. Í júní verður skírteini ESB einnig tekið í notkun.

Annað gildir um þá sem hafa skírteini byggð á kínverskum bóluefnum. Bandaríkin viðurkenna heldur ekki þau skírteini og Kínverjar viðurkenna ekki skírteini eða vottorð vesturveldanna.

Þetta er þegar farið að hafa áhrif í Hong Kong. Þar eru tvenns konar bóluefni í boði, frá Pfizer og Sinovac. Þeir íbúar sem ferðast til meginlandsins velja því Sinovac en þeir sem ferðast mikið til Evrópu og Bandaríkjanna Pfizer. **– khg**

# Ástandið á Indlandi hreint út sagt skelfilegt vegna COVID

**Metfjöldi smitaðra á heimsvísu greindist í gær á Indlandi fimmta daginn í röð. Þá létust tæplega 3.000 manns í landinu. Súrefni er uppurið víðs vegar um landið en aðstoð mun berast frá nokkrum þjóðum heims í þessari viku. Indversk stjórnvöld eru harðlega gagnrýnd fyrir aðgerðaleysi gagnvart veirunni.**

**INDLAND** Staðan í annarri bylgju kórónaveirufaraldursins fer versnandi á Indlandi en þúsundir láta lífið vegna veirunnar á hverjum degi. Bandaríkjamenn og Bretar hafa heitið stuðningi með því að senda súrefniskúta, öndunarvélar og annan nauðsynlegan búnað til þess að takast á við faraldurinn. Fyrsta sendingin er væntanleg til Indlands í dag.

Þá hafa Bandaríkin aflétt banni á útflutningi þaðan á nauðsynlegu efni til þess að framleiða bóluefni. Bannið hefur haft slæm áhrif á framleiðslu bóluefnis í landinu.

Ekki kemur fram í tilkynningu frá Hvíta húsinu hvort áform séu um að senda hluta af umframbirgðum af bóluefni frá AstraZeneca til Indlands. Sama á við um Breta en Boris Johnson, forsætisráðherra landsins, hefur ekki tilkynnt hvort ónotað bóluefni frá AstraZeneca verði sent til Indlands.

Nágrannar Indverja, Pakistanar, auk Frakka, Þjóðverja og Kanadamanna, hafa einnig heitið stuðningi sínum. Það sama hafa tæknifyrirtækin Google og Microsoft gert.

Evrópusambandið skipuleggur einnig hjálparaðgerðir til handa Indlandi að sögn Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar sambandsins.

Önnur bylgja faraldursins hófst á Indlandi í mars en hefur stigmagnast og um nýliðna helgi greindist rúmlega milljón manna með veiruna. Í gær greindist 352.991 nýtt tilfelli og 2.812 létust sem er það mesta í heiminum fimmta daginn í röð. Það er þriðjungur tilfella á heimsvísu.

Nú hafa 186 þúsund látið lífið úr kórónaveirunni á Indlandi og 16 milljónir smitast, þar af þrjár milljónir síðustu tvær vikurnar í þessu næstfjölmennasta ríki heims.

Talið er að fyrrnefndar tölur séu hærri þar sem vera kunni að indversk stjórnvöld greini ekki frá öllum smitum og dauðsföllum vegna veirunnar í landinu.

Nú er staðan orðin sú að súrefni er af skornum skammti, sjúkrarými eru full og sjúklingar liggja á götunni meðan þeir bíða eftir viðeigandi læknisaðstoð.

Aðstæður eru verstar í Nýju-Delí en þar er útgöngubann í gildi sem stendur til 3. maí næstkomandi.



**Sjúkrahús og í líkbrennslustöðvar á Indlandi anna ekki álaginu og lík eru á víð og dreif.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**Skortur er á súrefni í landinu en von er á aðstoð frá vinveittum þjóðum.**

Skortur á súrefni til meðhöndlunar sjúklinga er mikill í Nýju-Delí en um síðustu helgi létust 20 manns vegna þess að þeir fengu ekki nauðsynlega súrefnisgjöf.

Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, sagði á Twitter í gær að 551 súrefnisframleiðslustöð yrði komið fyrir í hverri sýslu landsins á næstu dögum.

Ríkisstjórn landsins hefur verið harðlega gagnrýnd en íbúar landsins hafa freistað þess að ná sér í nauðsynlegar vistir og lyf á svörtum markaði sem myndast hefur í gegnum samfélagsmiðla.

Nokkuð virðist um rangfærslur og falsfréttir á samfélagsmiðlunum Facebook, Instagram og Twitter um stöðuna í landinu.

Til að mynda um að fólk ætti ekki að nota grímur í varnarskyni við veirunni. Þá hafa hatursskilaboð sem beint er að Modi verið fjarlægð af samfélagsmiðlum. Þar er Modi kennt um það sem aflaga hefur farið og sagt að aðgerðaleysi hans hafi valdið þeim hryllingi sem gengur yfir landið.

**»» Í gær létust 2.812 úr COVID-19 á Indlandi sem er það mesta í heiminum fimmta daginn í röð.**

Fram kemur í nýjustu stöðuskýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) að fjöldi tilfella á heimsvísu hafi aukist átta vikur í röð. Vikuna 12. til 18. apríl greindust 5,2 milljónir í heiminum sem er það mesta sem hefur greinst síðan faraldurinn hófst.

Staðan er einnig slæm í Brasilíu og Síle en í síðustu viku létust rúmlega 3.000 á hverjum sólarhring þar í landi. Brasilíska afbrigði veirunnar hefur borist til Venesúela, Úrúgvæ, Paragvæ, Argentínu og Síle.

Sérfræðingar telja að stjórnvöld í Síle og á Indlandi hafi slakað um of á sóttvörnum í þeirri trú að bólusetning myndi draga úr smiti, en bólusetning gengur hægt.

**hjorvaro@frettabladid.is**


APÓTEK LYFSALANS



Glæsibær




Vesturlandsvegur



Urðarhvarf

LYFSALINN GLÆSIBÆ Opið 8.30 - 18.00 Sími 517 5500 / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI Opið 10.00 - 22.00 Sími 516 5500 / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI Opið 9.00 - 18.00 Sími 516 5505 / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

r

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# SUMAR SPRENGJA

# 20-70% AFSLÁTTUR

## RÚMSTÆÐI
**50% AFSLÁTTUR**

**VERÐDÆMI**
Nina rúmstæði - 160x200cm

**VERÐ ÁÐUR 207.180 KR.**

**50% AFSLÁTTUR**
**103.590 KR.**

---

**RÚMTEPPI**
**60% AFSLÁTTUR**

**HÖFÐAGAFLAR SÝNINGAREINTÖK**
**50% AFSLÁTTUR**

## STILLANLEG RÚM
**15 TIL 50% AFSLÁTTUR**

**VERÐDÆMI**
Stillanlegt rúm UPS - 2x90x200cm

**VERÐ ÁÐUR 384.510 KR.**

**50% AFSLÁTTUR**
**192.255 KR.**

---

**SÝNINGAR OG SKIPTIDÝNUR**
**30-70% AFSLÁTTUR**

ATH. Tilboð gilda meðan birgðir endast, takmarkað magn.
Sumarsprengju lýkur 22. maí

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Sextánda sæti



Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Undanfarin fjögur ár hefur Ísland fallið um sex sæti á lista Blaðamanna án landamæra þar sem ríkjum er raðað eftir mati á fjölmiðlafrelsi. Árið 2017 var Ísland í tíunda sæti en fellur sífellt í áliti og situr nú í því sextánda á meðan hin Norðurlöndin verma fjögur efstu sætin.

Í greiningu samtakanna má lesa að versnandi samskipti fjölmiðla og stjórnmálamanna hafi haft áhrif. Einnig hafi efnahagshrunið grafið undan fjárhagsstoðum fjölmiðla og gert þeim erfiðara að streitast á móti þrýstingi frá hagsmunaaðilum. Þó hafi hrunið jafnframt endurlífgað traust almennings til fjölmiðla og minnt á hlutverk þeirra sem stoðar við lýðræðið.

Sérstaklega er tiltekið hið svokallaða Samherjamál sem komst í hámæli með umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kveiks. Umfjöllun sem fyrirtækið svaraði með áróðursherferð, tilraun þess til að grafa undan trúverðugleika þeirra fréttamanna sem unnu að málinu. Í síðustu viku birti Samherji enn eitt áróðursmyndbandið á YouTube, beint sérstaklega gegn fréttamanninum Helga Seljan. Þar er nýlegri niðurstöðu siðanefndar RÚV haldið hátt á lofti og fréttamaðurinn, óvinur Samherja númer eitt, ófrægður.

Undir lok síðasta mánaðar úrskurðaði siðanefnd RÚV í kæru Samherja á hendur ellefu starfsmönnum stofnunarinnar vegna þátttöku þeirra í umræðu um málefni fyrirtækisins á samfélagsmiðlum. Var kæran byggð á eftirfarandi siðareglu RÚV: „Starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk málefni eða umdeild mál í þjóðfélagsumræðunni, þ. á m. á samfélagsmiðlum.“

Úrskurður þriggja manna siðanefndar, sem skipuð var sérstaklega í tilefni kærunnar, var að fréttamaðurinn Helgi Seljan hefði gerst sekur um alvarlegt brot gagnvart þessari vægast sagt varhugaverðu reglu með ummælum sínum á samfélagsmiðlum. Þann úrskurð gerir Samherji sér svo að vopni í téðu myndbandi, en samkvæmt úrskurðinum er Helga óheimilt að bera hönd fyrir höfuð sér og svara því sem borið er á hann. Persónan Helgi Seljan má ekki eiga skoðanaskipti á veraldarvefnum um mál sem skekið hefur þjóðina. Blaðamenn eru langt í frá skoðanalausar skepnur og að gera þeim skylt að sitja á þeim er hreinlega hefting á tjáningarfrelsi. Í starfi sínu er blaðamönnum ljúft og skylt að gæta hlutleysis en það er langt seilst að banna þeim að tjá sig í sínum frítíma, á sínum eigin miðlum.

Í þessu tiltekna máli er vara- og vafasöm regla notuð til að koma höggi á þann sem segir frétt sem á erindi við þjóðina en kemur illa við valdamikla auðmenn. Fréttamenn RÚV sendu fyrir helgi frá sér yfirlýsingu og lýstu yfir stuðningi við Helga. En sú staðreynd að stórfyrirtæki og fjársterkir aðilar ógni fjölmiðlafólki og reyni þannig að hafa áhrif á umfjallanir sér í hag er ekki bundin einvörðungu við þetta tilfelli eða þennan fjölmiðlamann, það get ég persónulega staðfest.

Slíkir tilburðir eru aftur á móti ólíðandi og ættu að valda fleirum en fjölmiðlafólki áhyggjum.

Allir aðdáendur upplýstrar umræðu ættu í raun að vera rasandi!

> Slíkir tilburðir eru aftur á móti ólíðandi og ættu að valda fleirum en fjölmiðlafólki áhyggjum.

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR

### Ársfundur 2021

**Ársfundur** Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn miðvikudaginn **19. maí kl. 17:00**.

Dagskrá er samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar rétt til setu á ársfundinum og/eða hafa aðgang að streymi fundarins. Skráning fer fram á vefnum **birta.is**

### Til fulltrúaráðs launamanna

Kjörfundur fulltrúa launamanna í Birtu lífeyrissjóði, vegna stjórnarkjörs í lífeyrissjóðnum verður haldinn þriðjudaginn **11. maí kl. 17:00**.
Fundurinn verður haldinn með rafrænum hætti.

**Upplýsingar um fundina má finna á vefnum birta.is**

### Halldór




## Frá degi til dags

**Smá sómakennd**

**Krónískur pirringur Samherjamanna út í Helga Seljan olli þingheimi almennt ekki miklu hugarangri fyrr en Bubbi Morthens skammaðist yfir áhugaleysinu. Í kjölfarið hefur þingfólk keppst við að snupra Samherja. Kolbeinn Óttarsson Proppé slóst ekki í hópinn fyrr en á mánudaginn en nýtur þess óneitanlega að hafa áður stigið inn í hringinn þegar hann bað Baldvin Þorsteinsson Más Baldvinssonar um að hafa sig hægan og hegða sér eftir að sá hafði með ógnandi tilburðum sagt Má Guðmundssyni, þáverandi seðlabankastjóra, að hafa „smá sómakennd“ og drulla sér í burtu.**

**Þráhyggjur**

**Kolbeinn svaraði kalli Bubba á Facebook og lét að sjálfsögðu fréttamynd af fyrri viðureigninni fljóta með og sagði aðför Samherja að Helga ljóta, smásálarlega og óþægilega þráhyggjukennda. Ekki kemur heldur á óvart að í hinu horninu reimaði Brynjar Níelsson á sig hanskana og reyndi að koma rothöggi á Bubba á Vísi. „Að lokum vil ég segja við poppstjörnur í eldri kantinum, sem hafa áhyggjur af þögn þingmanna um Samherja, að það þarf öflug fyrirtæki, sem geta gert mikil verðmæti úr auðlindum okkar, til að greiða ykkur um hálfa milljón á mánuði í heiðursskyni til æviloka.“**

**toti@frettabladid.is**

## Fræði og framkvæmd



Jón Atli Benediktsson
rektor Háskóla Íslands

Háskóli Íslands hefur tekið höndum saman með Samtökum atvinnulífsins, hinu opinbera og sveitarfélögunum um að stórefla starfsþjálfun við skólann. Ákvörðun um þetta var handsöluð nýlega.

Við í háskólasamfélaginu erum vel meðvituð um að þau verkefni sem bíða nemenda okkar að brautskráningu lokinni taka stöðugum breytingum. Ekki er í boði að festast í gömlum hjólförum og undirbúa mannauð framtíðar fyrir verkefni fortíðar. Sífelld þróun tækni, samfélags og þekkingar sér til þess að við þurfum alltaf að vera á tánum og svara jafnóðum margvíslegum og síbreytilegum þörfum atvinnulífs og samfélags.

Þetta er ein af ástæðum þess að afar mikilvægt er að til staðar sé virkt samtal milli Háskóla Íslands og atvinnulífs um þarfir þeirra beggja. Þannig getum við best tryggt að námið okkar sé ávallt í stakk búið til að laga sig að síbreytilegu umhverfi.

Átak okkar um stóreflingu starfsnáms er afrakstur þessa samtals.

Við ætlum að vinna í sameiningu að því að nemendum við Háskóla Íslands muni standa til boða fleiri og fjölbreyttari tækifæri en áður til að kynnast hagnýtum störfum sem tengjast verkefnum þeirra og viðfangsefnum í náminu.

Nemendum við Háskóla Íslands eru með þessu verkefni gefin fleiri tækifæri til að vera virkir þátttakendur í eigin þekkingarsköpun, taka ábyrgð og sýna náminu skuldbindingu.

Fyrir þau fyrirtæki sem taka þátt er þetta einnig gott tækifæri til að kynnast og komast í snertingu við framtíðarmannauð og tengja verkefni og lausnir starfsemi sinnar við nýjustu vendingar í fræðunum.

Okkar sýn er að með þessu verði nemendur við Háskóla Íslands enn betur undirbúnir til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni sem bíða að námi loknu, og enn líklegri til að ná árangri á þeirri vegferð sem þeirra bíður.

> Átak okkar um stóreflingu starfsnáms er afrakstur þessa samtals.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Hverjir eru einkaþjálfarar stjórnenda?



**Anna Sif Jónsdóttir**
innri endurskoðandi Kviku banka og vantar einkaþjálfara

Öll höfum við staðið í þeim sporum að ætla að taka okkur á, fara að hugsa betur um líkamann, taka mataræðið í gegn eða kannski bara setjum við okkur það markmið að ætla að heimsækja ömmu oftar.

Svo getur verið ansi misjafnt hvernig okkur gengur að standa við þessi markmið, þeir sem eru með járnvilja eiga hvorki í vandræðum með að taka út hvítan sykur né taka æfingu kl. 5.50 að nóttu til en ansi margir þurfa stuðning til að ná að halda sig á brautinni að markmiðinu. Þessi stuðningur getur verið á margan máta, hægt er að fá sér næringarfræðing eða einkaþjálfara sem þú hittir, hægt er að kaupa fjarþjálfun eða aðstoð frá aðilum eins og þessum eða bara ná sér í app sem segir þér hvað þú þarft að gera hverju sinni. Í raun er mjög einstaklingsbundið hvað hentar hverjum eftir því hversu agaður hver og einn er, járnviljinn neglir þetta án aðstoðar en þeir sem eru góðir við sig þurfa að hitta alla þessa aðila í raunheimum og helst af hafa vin eða vinkonu með til andlegs stuðnings. Við erum nú öll þannig að við höfum tilhneigingu til að gera það sem okkur þykir gott, þægilegt og skemmtilegt en fresta öðrum hlutum. Ég þekki fáa sem fara til tannlæknis sér til skemmtunar.

Öll vitum við að í farsælum fyrirtækjarekstri þurfa ýmsir þættir að fara saman, ekkert er hægt að gera án tekna og hagnaðar en ákveðin gæði og stöðlun á því hvernig hlutirnir eru unnir eru einnig nauðsynleg. Mín reynsla er sú að stjórnendur fyrirtækja hafa, eðlilega, meiri áhuga á því að skapa tekjur og hagnað heldur en að baða sig í stöðlun verkferla og gerð gæðaskjala en þeir hins vegar verða einnig að sinna þeim verkefnum að einhverju marki. Hvaða aðilar eru það sem veita stjórnendum aðhald þannig að þeir sinna ekki eingöngu verkefnum sem þeim finnast skemmtileg heldur einnig hinu verkefnunum? Það fyrsta sem manni dettur í hug eru aðrir stjórnendur, ef til vill forstjóri eða stjórn rekstrareiningarinnar og svo eru mörg fyrirtæki með endurskoðaða ársreikninga og því fylgir ákveðinn agi og aðhald.

Ýmsar aðrar einingar veita stjórnendum aðhald og í fjármálafyrirtækjum má finna eftirlitseiningar eins og regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun. Þó svo verkefni þessara eininga séu mismunandi þá eiga þessar einingar það sameiginlegt að þær passa upp á að stjórnendur geri líka það sem þá langar kannski ekki mest af öllu að gera. Því má segja að eftirlitseiningar hverrar og einnar rekstrareiningar séu ef til vill dálítið líkar einkaþjálfurum sem aðstoða reksturinn í leið hans að markmiðinu. Verkefni sumra þessara eftirlitseininga er hægt að útvista og þá er kannski komið í svipað kerfi og fjar-einkaþjálfun. Munurinn á inn- og úthýsingu þessara verkefna er í grunninn svipaður og munurinn á fjarþjálfun og einkaþjálfun og liggur í því að það fylgir meiri agi því að innhýsa eftirlitshlutverkum. Reyndar hef ég ekki séð app sem kemur í stað innri endurskoðunar og regluvörslu en það má örugglega þróa það.

Innri endurskoðunardagurinn verður haldinn þann 28. apríl næstkomandi. Dagurinn verður haldinn í formi fjarráðstefnu vegna gildandi samkomutakmarkana. Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og skráningarform má finna á vefsíðu Félags innri endurskoðenda, www.fie.is.

**Nánari upplýsingar um dagskrá ráðstefnunnar og skráningarform má finna á vefsíðu Félags innri endurskoðenda, www.fie.is.**

# Um skipulag við Vatnsholt og Háteigsskóla



**Ingólfur Bruun**
foreldri barns í Háteigsskóla

Hafnar eru framkvæmdir við Vatnsholt við Háteigsveg. Við þetta minnkar leiksvæði barna til muna í hverfinu. Þetta er miður. Öll höfum við verið börn og þau okkar sem komin eru yfir miðjan aldur muna vel hvað það var gaman að geta leikið sér á opnum svæðum í nágrenni skóla og heimilis. Ég dáist að þrautseigju barnanna sem stóðu ofan á gamla vatnstankinum við Háteigsveg til að mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum. Gleymum því aldrei að börn hafa sama rétt og fullorðin. Rödd þeirra er hins vegar allt of oft hunsuð. Börn eru nefnilega oft skynugri og sjá betur lausnir en við sem fullorðin erum. Borgaryfirvöldum væri hollt að beygja sig oftar niður til jafns við börnin og spyrja þau hvað þeim finnst. Því miður er of seint að stöðva framkvæmdir við Vatnsholt en látum það verða okkur víti til varnaðar og hættum frekari landvinningum í þágu þéttingar byggðar í nágrenni Sjómannaskólans. Okkur vantar fleiri opin svæði, ekki færri.

Nú standa yfir framkvæmdir í nágrenni Háteigsskóla. Í stað þess að stækka helgunarsvæði skólans, bæði með hliðsjón af stærra leiksvæði og byggingu fyrir unglingadeild skólans, þá tóku borgaryfirvöld þá vondu ákvörðun að heimila íbúðabyggingar á umræddu svæði. Þetta er borgar- og skipulagsyfirvöldum til skammar. Umræddar ákvarðanir bera vott um skammsýni og þröngsýni svo furðu sætir. Hér er ekki verið að hugsa um betra mannlíf og hagsmuni barnanna okkar heldur einhverja aðra hagsmuni. Hverra hagsmunir skyldu það vera?

**Borgaryfirvöldum væri hollt að beygja sig oftar niður til jafns við börnin og spyrja þau hvað þeim finnst.**





✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Bryndís Guðmundsdóttir**

áður til heimilis á Selbraut 3, Seltjarnarnesi,

andaðist á Hrafnistu Laugarási þann 23. apríl síðastliðinn.

**Guðmundur Guðjónsson** **Ásta Katrín Vilhjálmsdóttir**
**Kristinn Guðjónsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ása Þorvaldsdóttir Baldurs**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð mánudaginn 19. apríl. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 30. apríl kl. 13. Vegna samkomutakmarkana eru þeir sem vilja kveðja Ásu beðnir að hafa samband við aðstandendur. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð fyrir frábæra umönnun.

**Jón Arnar Baldurs** **Jóhanna Pálsdóttir**
**Ásgeir Baldurs** **Björg Jónsdóttir**
**Óskar Hrafn, Steinunn Ása, Ása Karen, Unnar Páll, Kristján Ingi, Rúnar Freyr, Jóhanna Huld og langömmubörn.**



✝

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Kristjánsdóttir**

Stakkholti 2b,

lést 31. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 30. apríl kl. 13.00. Vegna samkomutakmarkana verður streymt frá athöfninni. Slóðin á streymið er https://youtu.be/ZPQRTIvSfIc

**Ólafur Árnason**
**Erna Rós Magnúsdóttir** **Þórarinn Gunnar Sverrisson**
**Hjalti Magnússon** **Sigurlaug Soffía Reynaldsdóttir**
**Anna Lilja Magnúsdóttir** **Guðmann Bragi Birgisson**
**Kristján Magnússon** **Sigríður Inga Rúnarsdóttir**
**Árni Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson



Jóhanna Eiríksdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Útfararþjónusta í yfir 70 ár




Við tökum vel á móti ástvinum í hlýlegu og fallegu umhverfi

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts

**Jóhanns Friðjóns Friðrikssonar**

Sérstakar þakkir til Lungnadeildar 6A Borgarspítala.

**Fríða Eiríksdóttir og fjölskylda.**



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Erla Guðbjörg Sigurðardóttir**

**(Bubba)**

Hverfisgötu 23c í Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 27. apríl kl. 13. Vegna fjöldatakmarkana verða einungis nánustu aðstandendur og vinir viðstaddir en streymt verður frá athöfninni á vefslóðinni https://youtu.be/Z0HsH6CSOxs

**Haraldur Sigfús Magnússon,**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn K. Jónsdóttir**

Svarthömrum 68, Reykjavík,

sem lést sunnudaginn 18. apríl, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 29. apríl kl. 15. Vegna fjöldatakmarkana verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir. Útförinni verður streymt á: youtu.be/2SSHBv-bSKI

**Jóna G. Ragnarsdóttir** **Ísak J. Ólafsson**
**Álfhildur S. Jóhannsdóttir** **Þórarinn Gunnarsson**
**Gunnar Þ. Jóhannsson** **Þóra Egilsdóttir**
**Guðmundur I. Jóhannsson** **Kristjana Ó. Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Rúnar Múrari ehf
**S. 774 3800**
Tröppuviðgerðir - Húsaviðgerðir - Þakmálun - Málningarvinna- o.m.fl.
**https://runarmurari.is**


K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð 66 fm með öllu innbúi, á svæði 105 Rvk. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Uppl. í síma 893-3475.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu ca.70 fm gott iðnaðar/ geymslubil með stórri hurð við Dalveg í Kópavogi. Uppl. í síma 893 3475

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

# Keypt & Selt

## Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204


Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is




Mikið úrval
Verð við allra hæfi


## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**





Hvernig væri að láta drauminn um heitan pott rætast?
Okkar vinsælustu pottar til á lager!




NORMX
Íslensk framleiðsla í 38 ár!
NormX Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími 565-8899 normx@normx.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR


Beltone Amaze™
Mætti ég biðja um hljóð?
Fátt gleður eins mikið og að fá eitthvað til baka sem maður hefur misst. Hágæða heyrnartækin frá Beltone Amaze™ gera þér kleift að heyra betur svo lífsgæðin batna til muna. Þessi nýja kynslóð heyrnartækja skilar einstökum hljómgæðum og tengist beint við snjallsímann þinn eða önnur snjalltæki. Hvernig væri að kveðja sér hljóðs og leggja við hlustir með Beltone Amaze™? Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.
Kringlunni • sími 568 7777 • heyra.is
HEYRNARSTÖÐIN

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 °C | 2 ↘ |
| Ísafjörður | 8 °C | 6 ↗ |
| Akureyri | 10 °C | 3 ↙ |
| Egilsstaðir | 9 °C | 1 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 8 °C | 2 ↙ |
| Hveravellir | 2 °C | 3 ↙ |

Léttskýjað en skýjað með köflum vestan til og lítils háttar súld þar síðdegis. Gengur í norð-vestan 8-13 norðaustan-lands í kvöld. Hiti 7 til 13 stig yfir daginn en svalara fyrir norðan og austan.

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 8 °C | 5 ↘ |
| Ísafjörður | 6 °C | 1 ↑ |
| Akureyri | 4 °C | 3 ↓ |
| Egilsstaðir | 3 °C | 7 ↙ |
| Kirkjubæjarkl | 10 °C | 4 ↖ |
| Hveravellir | 0 °C | 7 ↓ |

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 6 °C | 3 ↘ |
| Ísafjörður | 6 °C | 1 ↙ |
| Akureyri | 7 °C | 1 ↙ |
| Egilsstaðir | 6 °C | 2 ↑ |
| Kirkjubæjarkl | 3 °C | 1 ↑ |
| Hveravellir | 1 °C | 2 ↑ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | 5 | | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 molda
5 leiðsla
6 tíðnimótun
8 ríki í Afríku
10 í röð
11 blaður
12 iðja
13 áslátttur
15 haldinn
17 áhald

**LÓÐRÉTT**
1 kanna
2 vitlaus
3 óhljóð
4 fiskar
7 vél
9 yfirlið
12 kvk. nafn
14 sull
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

LÁRÉTT: 1 grafa, 5 rör, 6 fm, 8 angóla, 10 fg, 11 mas, 12 verk, 13 slag, 15 tallinn, 17 panna.
LÓÐRÉTT: 1 grafast, 2 röng, 3 arg, 4 aflar, 7 maskína, 9 ómegin, 12 vala, 14 lap, 16 nn.

## Skák Gunnar Björnsson

Anish Giri (2.776) átti leik gegn Fabiano Caruana (2.820) á áskor-endamótinu í skák í Katrínarborg.

**45...Rxg2! 0-1.** Þessi sigur dugði ekki til því Ian Nepomniachtchi hefur tryggt sér sigur á mótinu þegar einni umferð er ólokið og mætir Magnúsi Carlsen í heimsmeistaraeinvígi í nóvem-ber–desember nk. Mikil spenna á Íslandsmótinu í skák. Stefnir í afar jafnt og spennandi mót. Sjötta umferð fer fram í dag.

**www.skak.is:** Allt um Íslands-mótið.

**Svartur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman








Kafbátur er metnaðarfull og öðruvísi barnasýning, segir gagnrýnandi.

# Framtíð í grænum sjó

**LEIKLIST**

**Kafbátur**
★★★½☆
**Gunnar Eiríksson**
**Þjóðleikhúsið**

**Þýðing:** Bergsveinn Birgisson
**Leikstjórn:** Harpa Arnardóttir
**Leikarar:** Birgitta Birgisdóttir, Björn Hilmarsson, Þröstur Leó Gunnarsson, Kjartan Darri Kristjánsson og Guðrún S. Gísladóttir
**Leikmynd:** Finnur Arnar Arnarson
**Búningar:** Ásdís Guðný Guðmundsdóttir
**Myndbandshönnun:** Heimir Freyr Hlöðversson
**Tónlist:** Magnús Trygvason Eliassen og Steingrímur Teague
**Hljóðhönnun:** Aron Þór Arnarsson, Magnús Trygvason Eliassen og Steingrímur Teague
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson og Jóhann Friðrik Ágústsson

Rétt áður en leikhúsunum var skellt í lás enn og aftur frumsýndi Þjóðleikhúsið nýtt barnaleikrit eftir Gunnar Eiríksson í þýðingu Bergsveins Birgissonar. Kafbátur er fyrsta leikrit höfundar og var valið af 150 barnaleikritum sem send voru eftir ákall Þjóðleikhússins eftir nýjum sviðsverkum ætluðum ungum leikhúsáhorfendum. Kafbátur gerist í framtíð sem er mögulega ekki svo fjarri þegar allt fast land er komið undir sjó og lítil stúlka veltir því fyrir sér hvort heimurinn hafi alltaf verið svona.

Sem fyrsta leikverk er Kafbátur ágætlega samið af höfundi og troðfullt af hugmyndum, sem hönnunarteymi sýningarinnar leysir með vönduðum og frumlegum leiðum. Gunnar hikar ekki við að fjalla um stór og alvarleg málefni í leikriti sem er ætlað börnum, en umhverfismálin verða aldrei íþyngjandi heldur frekar gátt inn í ævintýraheim framtíðarinnar. Aftur á móti mætti skrúfa textann betur saman þar sem ýmis göt má finna á sögunni og stundum dettur botninn úr atriðunum. Aftur á móti er Harpa Arnardóttir rétta konan í brúnni og finnur viðeigandi og sviðsvænan tón fyrir söguna, í staðinn fyrir að einblína á ævintýrið setur hún fókusinn á innra ferðalag Argentínu.

Argentína, leikin af Birgittu Birgisdóttur, er lítil stúlka í leit að stórum svörum. Móðir hennar hvarf fyrir nokkrum árum og móðurmissirinn svíður enn. Hún og pabbi hennar, leikinn af Birni Inga Hilmarssyni, eru í leit að réttu efnunum til að virkja tímavélina sem móðir hennar smíðaði. Birgitta nær að fanga barnslega einlægni og þor Argentínu fallega, tifandi í áhuga sínum á tilvistinni. Björn Ingi líður fyrir fremur óspennandi hlutverk pabba hennar sem ber ekki nafn, en styður þó samleikara sína lipurlega.

Þröstur Leó Gunnarsson gerir sér mikinn mat úr litlu hlutverki hins rafmagnaða Lúkars, tilfinningar þessarar fámálu fígúru hreinlega geisla úr augum hans. Sömuleiðis kemur Guðrún S. Gísladóttir með kvenskörungakraft inn í sýninguna enda er Steinunn langöx sko ekkert lamb að leika sér við. Síðasti meðlimur þessa kynlega kvartetts er síðan vélræni vinurinn Anon, leikinn af Kjartani Darra Kristjánssyni. Hann á alveg frábæra innkomu, höktandi hafsjór af upplýsingum og bráðfyndinn.

**Finnur töframaður**

Leikmyndahönnuðurinn Finnur Arnar Arnarson er ekkert annað en töframaður sem færir Kafbát á annað plan. Hér er lögð áhersla á hugmyndaríka og nákvæma smíði sem innblásin er af gufupönki og Jules Verne. Leikmyndin geymir ýmis leyndarmál sem er sjón að sjá og kemur stöðugt á óvart. Myndbandahönnun Heimis Freys Hlöðverssonar opnar glugga út í veröldina fyrir utan kafbátinn, undirdjúpin iða af lífi og eftirminnilegum myndum. Yfirhöfuð nær Ásdís Guðný Guðmundsdóttir að fanga þessa sömu gufupönk-stemningu en gervið hans Anons stingur í augun, enda undarlegt í sniðinu, tónar alls ekki við heildarmyndina og hárkollan hjálpar ekki.

Tækniteymið er stórt og skilar sér ríkulega. Magnús Trygvason Eliassen og Steingrímur Teague, sem hinir fullorðnu þekkja kannski úr hljómsveitinni Moses Hightower, semja tónlistina og sömuleiðis hljóðmyndina með aðstoð Arons Þórs Arnarssonar. Ljósateymið, Ólafur Ágúst Stefánsson og Jóhann Friðrik Ágústsson, sér síðan um að lýsa myrkur undirdjúpanna. Hverri skrautfjöðrinni á fætur annarri er þannig raðað á Kafbát; ljúfum tónum, fjölbreyttri hljóðmynd og margbreytilegri lýsingu.

Kafbátur er metnaðarfull og öðruvísi barnasýning sem setur ekki fókusinn á hefðbundna framvindu og fjör heldur leiðir áhorfendur um ævintýri undirdjúpanna með afslöppuðum og vinalegum hætti. Harpa stýrir för með styrkri og leikrænni hendi en stundum vantar sprengikraft í senurnar sem flæða frekar hver inn í aðra. Leikarahópurinn líður svolítið fyrir veikleika handritsins en listræna teymið stelur nánast senunni og skapar eftirminnilegan ævintýraheim.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Áferðarfögur sýning um mikilvægt málefni en nær ekki flugsundi.

# Tríóið hist og í Alþýðuhúsinu

Föstudaginn 30. apríl klukkan 20.00 verður tríóið hist og með tónleika í Alþýðuhúsinu á Siglufirði. Tekið verður við frjálsum framlögum við innganginn en til viðmiðunar eru 2.000 krónur á mann.

Á tónleikunum leikur sveitin efni af eldri plötum sínum í bland við glænýtt efni í vinnslu.

Tríóið hist og var stofnað í lok árs 2017 til þess að rugla saman reytum raf- og djasstónlistar. Tríóið skipa Eiríkur Orri Ólafsson, sem leikur á trompet, trommuheila og hljómborð, Róbert Sturla Reynisson á gítar, bassa og hljómborð og Magnús Trygvason Eliassen á trommur, slagverk og ekki-slagverk.


Tríóið hist og verður með tónleika í Alþýðuhúsinu. MYND/AÐSEND

# Úrvalsverk á uppboði

Mörg úrvalsverk eru boðin upp á myndlistaruppboði í Fold uppboðshúsi. Má þar nefna stórt olíuverk eftir Karl Kvaran, gvassmynd eftir sama höfund og gvassmynd eftir Jóhannes Jóhannesson. Tvær fjörumyndir eftir Kristján Davíðsson og verk eftir marga þekktustu listamenn landsins; Ásgrím Jónsson, Kjarval, Louisu Matthíasdóttur, Jón Stefánsson, Gunnlaug Blöndal, Erró, Tryggva Ólafsson og Braga Ásgeirsson.

Einnig er þarna geometría eftir Eyborgu Guðmundsdóttur og akrýlmálverk eftir Diether Roth. Boðinn verður upp skúlptúr eftir Dieter og Björn Roth „Telephone Table Puzzle“ sem er púsluspil. Nokkuð af skúlptúrum er á uppboðinu. Bronsvíkingur og tréskúlptúr eftir Sigurjón Ólafsson, verkið Harpan eftir Hallstein Sigurðsson og trélamb eftir Aðalheiði Eysteinsdóttur. Teikningar- og vatnslitamyndir eiga líka sinn sess á uppboðinu og má þar nefna verk eftir Sverri Haraldsson, Birgi Andrésson, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Blöndal og Dag Sigurðarson.

Af verkum yngri kynslóðar listamanna má nefna verk eftir Tolla, Daða Guðbjörnsson, Þorstein Helgason og Jón Axel Björnsson.


**Verk eftir Kristján Davíðsson eru á uppboði hjá Fold.** MYND/HÖRÐUR

Síðast en ekki síst má nefna hið stórmerkilega landakort Islandia. Kortið er frá 16. öld og eignað Abraham Ortelius. Ljóst er að við gerð Islandia-kortsins naut hann liðsinnis einhvers sem þekkti Ísland mjög vel. 250 íslensk örnefni eru talin upp á kortinu, auk þess fjölmörg dýr skreyta kortið, sem einnig bera íslensk nöfn.


**Helgi sýnir mjólkurhvít fjöll.**

# Fjallamjólk Helga

Sýningin Fjallamjólk stendur yfir í Listasal Mosfellsbæjar. Þar sýnir Helgi Skj. Friðjónsson myndir af mjólkurhvítum fjöllum sem unnar eru út frá blönduðum miðlum og yfirfærðar á stafrænt form. „Fjöll,“ segir Helgi, „eru samofin vitund minni og undirvitund.“ Þetta eru allt íslensk fjöll, sum betur þekkt en önnur, sem hafa persónulega merkingu fyrir listamanninn. Verkin eru með sterka vísun í íslenska landslagsmálverkið og auk þess má greina áhrif frá minimalískri japanskri list.

Síðasti sýningardagur er 21. maí.

Sjúkratryggingar Íslands

**Sálfræðiþjónusta**

Sjúkratryggingar Íslands auglýsa eftir áhugasömum fyrirtækjum til viðræðna um sálfræðiþjónustu samkvæmt tilvísunum frá heilsugæslu.

**Eftirfarandi kröfur eru gerðar:**
- Að fyrirtæki sé með starfsstofu sem uppfyllir skilyrði heilbrigðisyfirvalda til rekstursins.
- Að fyrirtæki sé í meirihlutaeigu heilbrigðisstarfsmanna sem starfa við veitingu geðheilbrigðisþjónustu innan fyrirtækisins, í a.m.k. 80% starfshlutfalli.
- Að þrír sálfræðingar að lágmarki starfi í 80%-100% starfi á stofunni.
- Að sálfræðingar í 80% stöðugilda hafi a.m.k. tveggja ára starfsreynslu sem klínískir sálfræðingar.
- Að þjónustuframboð sé á faglega breiðum grunni innan sálfræðinnar.
- Að þjónustan sé veitt bæði börnum og fullorðnum.
- Að sálfræðiviðtöl verði veitt bæði á starfsstofu og í formi fjarheilbrigðisþjónustu.

Fyrirhugaðir samningar verða gerðir til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Áhugasamir aðilar eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið innkaup@sjukra.is þar sem fram kemur stutt kynning á fyrirtækinu, lýsing á gæðastefnu og hvernig ofangreindir þættir eru uppfylltir og eftir atvikum umfram þær kröfur.

**Frestur til að lýsa yfir áhuga til viðræðna er til og með 12. maí nk.**

BETRI SVEFN BETRA LÍF

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni.



Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið. Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

Hästens since 1852

HÄSTENS VERSLUN
FAXAFENI 5, REYKJAVÍK
588 8477

Betra BAK




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## HRINGBRAUT

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Heima er bezt (e)** Heima er bezt er samtalsþáttur um þjóðlegan fróðleik í anda samnefnds tímarits.
**19.30 Karlmennskan (e)** Femínískt sjónarhorn á karlmennsku, karla og jafnrétti í feðraveldissamfélagi.
**20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**21.00 Lífið er lag** Lífið er lag er þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
**21.30 433.is** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
**22.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

## RÚV SJÓNVARP

**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Kastljós**
**11.25 Menningin**
**11.35 Andri á flandri í túristalandi**
**12.05 Hraðfréttir**
**12.15 Af fingrum fram** Ellen Kristjánsdóttir.
**12.55 Landinn 7. mars 2021**
**13.25 Handritin - Veskú**
**14.20 Sterkasti maður Íslands 2020**
**15.15 Óskarsverðlaunin - samantekt Academy Awards 2021 - International Version**
**16.45 Táknmálsfréttir**
**17.00 EM stofan** Upphitun fyrir leik Ísraels og Íslands í undankeppni EM karla í handbolta.
**17.20 Ísrael - Ísland** Bein útsending frá leik í undankeppni EM karla í handbolta.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Chris Packham. Lifað með asperger Chris Packham - Asperger's And Me** Heimildarmynd frá BBC þar sem Chris Packham býður okkur í einhverfan heim sinn til að sýna hvernig það er að vera eins og hann.
**21.05 Óperuminning** Íslenska óperan er 40 ára í ár. Að því tilefni er litið til baka og góðra stunda minnst.
**21.15 Lífsbarátta í náttúrunni. Í hnotskurn Dynasties - Minisodes**
**21.25 Gösta**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þrjár stúlkur Three Girls**
**23.10 One point 0 Ein gráða**
**00.40 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**06.00 European Tour 2021** Útsending frá Gran Canaria Lopesan Open.
**11.00 European Tour 2021**
**16.00 European Tour 2021** Útsending frá Gran Canaria Lopesan Open.
**20.30 European Tour 2021 - Highlights**
**21.15 European Tour 2021** Útsending frá Gran Canaria Lopesan Open.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.05 George Clarke's National Trust Unlocked**
**15.50 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Zoey's Extraordinary Playlist**
**21.00 FBI**
**21.50 We Hunt Together**
**22.35 Pose**
**23.35 The Late Late Show**
**00.20 Love Island**
**01.15 Ray Donovan**
**02.05 Chicago Med**
**02.50 Station 19**
**03.35 Queen of the South**
**04.20 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið** seinni hluti
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Lofthelgin**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Krakkakastið M. Carmela Torrini**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu Frá Mozartwoche í Salzborg 2020**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Eyrbyggja saga** (20 af 26)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15 Now Add Honey**
**12.50 Uncle Drew**
**14.30 Palm Beach**
**16.05 Now Add Honey**
**17.40 Uncle Drew**
**19.20 Palm Beach**
**21.00 Charlie's Angels**
**22.55 Vox Lux** Dramatísk tónlistarmynd frá 2018. Segja má að hin 13 ára Celeste Montgomery verði stórstjarna á einni nóttu þegar lag sem hún flytur á minningarathöfn um þá sem létu lífið í skotárás í skóla hennar árið 2000 verður að risasmelli.
**00.45 Una** Mögnuð kvikmynd frá 2016.
**f02.20 Charlie's Angels**

## STÖÐ 2

**07.55 Heimsókn**
**08.15 Veronica Mars**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 The O.C.**
**10.05 Logi í beinni**
**10.50 Your Home Made Perfect**
**11.50 NCIS**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Friends**
**13.20 Grey's Anatomy**
**14.05 First Dates**
**14.55 Ísskápastríð**
**15.30 Sendiráð Íslands**
**15.55 Falleg íslensk heimili**
**16.25 BBQ kóngurinn**
**16.45 Who Wants to Be a Millionaire**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Last Man Standing**
**19.30 Mom**
**20.00 Manifest 3** Þriðja þáttaröð þessara dularfullu spennuþátta. Farþegarnir halda áfram að reyna að komast að því hvað kom fyrir þau í flugi 828. Hvert fór flugvélin í þessi 5 ár? Af hverju heyra þau og sjá hluti sem erfitt er að útskýra? Og af hverju er þessi tenging á milli þeirra?
**20.45 S.W.A.T.**
**21.30 Magnum P.I.**
**22.15 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.45 The Wire**
**23.45 A Teacher**
**00.10 LA's Finest**
**01.00 Veronica Mars**
**01.40 The O.C.**
**02.20 Your Home Made Perfect**
**03.20 NCIS**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.50 The Office**
**21.10 The Bold Type**
**21.55 Big Little Lies**
**22.45 Castle Rock**
**23.35 Our Girl**
**00.25 Friends**
**00.50 Friends**
**01.10 The Office**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.55 Valur - Fram. Leikur 1** Útsending frá leik í úrslitaeinvígi Olís-deild kvenna árið 2019.
**10.10 Fram - Valur. Leikur 2**
**11.40 KA/Þór - HK** Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
**12.55 FH - Valur**
**14.05 Manstu 2**
**14.40 Breiðablik - Stjarnan** Frá leik í Lengjubikar kvenna.
**16.15 Stjarnan - KR 2016**
**16.40 Þór Þ. - Grindavík** Útsending frá leik í Dominos-deild karla.
**18.25 Tindastóll - Njarðvík**
**20.05 Haukar - Keflavík**
**21.25 Valur - KR**
**22.50 Dominos Körfuboltakvöld**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.10 Reading - Swansea**
**09.50 Lazio - AC Milan**
**11.30 Sevilla - Granada**
**13.10 Atalanta - Bologna**
**14.50 Ítölsku mörkin**
**15.40 Torino - Napoli**
**17.20 Spænsku mörkin**
**18.15 Meistaradeildin - upphitun**
**18.50 Real Madrid - Chelsea** Bein útsending frá undanúrslitaleik í Meistaradeild Evrópu.
**21.00 Meistaradeildarmörkin**
**21.30 Lazio - AC Milan**
**23.10 Eibar - Real Sociedad**


ROAD TO
Istanbul21
UEFA
CHAMPIONS
LEAGUE
MEISTARADEILDIN
UNDANÚRSLIT
ÞRIÐJUDAG OG MIÐVIKUDAG
EKKI MISSA AF BESTA SJÓNVARPI Í HEIMI!
SPORT
Tryggðu þér áskrift í dag á stod2.is
ÁSKRIFT AÐEINS
3.990
STÖÐ 2 SPORT ERLENT

# Gyllta gleðilestin brunar frá Union Station

Hollywood gerði upp erfitt ár á 93. Óskarsverðlaunahátíðinni á Union Station-lestarstöðinni. Einna mest kom á óvart hversu vel hátíðin heppnaðist enda enginn Zoom-fundur og fræga fólkið fyllti gylltu gleðilestina sem nú brunar inn í vonandi bjartari framtíð. Tjú, tjú!



Sjomli lætur sjá sig. Einn aðalgæinn í seinni tíma sögu Hollywood, sjálfur Harrison Ford, lét sig ekki vanta í gleðskapinn á Union Station.



Vel sprittaður og sóttvarinn Óskarinn kemur merkilega brattur undan veirufárinu og boðar miklu betri tíð.

Fyrir utan áfallið yfir því að Chadwick heitinn Boseman hlaut ekki Óskarsverðlaunin sem besti leikarinn kom helst á óvart hversu lífleg og vel yfir meðallagi skemmtileg hátíðin var í uppgjöri sínu við árið þar sem bíómyndir komust helst undan lamandi krumlu COVID-19 í vefstreymi heim í stofu.

Hollywood þótti þarna senda skýr skilaboð um að á þeim bænum er fólk að ná vopnum sínum með því að halda alvöru verðlaunahátíð en ekki enn einn Zoom-fundinn þannig að ákveðin gleði og auðmýkt svifu yfir lestarmiðasölunni þar sem mannskapurinn skemmti sér á fyrstu Óskarsverðlaunum eftir að valdatíð Donalds Trump lauk og blússandi gangur í bólusetningum boðar enn bjartari tíma í myrkum bíósölum sem vonandi fyllast bráðum af grímulausu fólki á ný. toti@frettabladid.is



Amanda Seyfried mætti á brautarpall frægðarinnar tilnefnd sem besta leikkonan í aukahlutverki fyrir dásamlega frammistöðu í Mank. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Happaþrennan í stuði. Bestu aukaleikararnir Yuh-Jung Youn og Daniel Kaluuya ásamt Frances McDormand sem var valin besta leikkonan í aðalhlutverki fyrir Nomadland.



Það eru sko tvö u í nafninu. K-a-l-u-u-y-a. Besti aukaleikarinn, Daniel Kaluuya, lætur grafa nafn sitt á verðlaunagripinn sem hann hlaut fyrir frammistöðu sína í Judas and the Black Messiah.



Carey Mulligan, tilnefnd sem besta leikkonan, og danski leikstjórinn Thomas Vinterberg, voru í góðum gír og virtust skemmta sér á brautarstöðinni þar sem sóttvarnapláss var með ágætum.



Angela Bassett var tignarleg þegar hún heilsaði upp á Viola Davis. Álitsgjafar Fréttablaðsins reyndust aðeins of bjartsýnir fyrir hönd Davis þegar þeir spáðu henni verðlaununum.



Hjónin Helene Reingaard Neumann og Thomas Vinterberg. Leikstjórinn tileinkar Druk Ídu, dóttur sinni, sem lést 19 ára í bílslysi nokkrum dögum eftir að tökur hófust.

ergomotion

# Viltu hætta að hrjóta?

## Skoðaðu Ergosmart snjallrúmið





**Ergomotion,** stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. **Ergomotion** kynnir nú einstakt snjallrúm. **ERGOSMART**, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.






**Ergomotion** kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsusfarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

**ERGOSMART** hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

**ERGOSMART snjallrúmið** er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni. Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.






Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

**Mælum gæði svefnsins**
**Við þurfum öll 8 tíma svefn**

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

# Andri Freyr fékk stóran skammt af KK

**Andri Freyr** var svo áfram um að fá KK til að gefa út safnplötu að hann hlustaði á lögin hans stanslaust í tvo mánuði til að velja inn á langþráðan vínil sem hann bíður þó spenntur eftir að fá að setja undir nálina.



Andri Freyr talaði KK inn á að gefa út safnplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Andri Freyr Viðarsson þurfti að ganga aðeins á eftir sínum hógværa vini Kristjáni Kristjánssyni, KK, til þess að sannfæra hann um að löngu tímabært væri að hann gæfi út safnplötu.

Það tókst þó á endanum og eftir smávægilegar tafir og hnökra í framleiðsluferlinu kemur tvöfalda vínilplatan KK – Árin 1985-2000 loksins út á föstudaginn. Sögulegt í meira lagi og löngu tímabært þar sem þrátt fyrir langan og farsælan feril hefur KK ekki gefið tónlist út á vínil áður.

„Við náttúrlega vinnum saman. Eða þannig séð. Við erum hérna á sömu deild á RÚV. Þannig að við spjöllum mikið saman við kaffivélina og svona og svo höfum við náttúrlega líka ferðast saman til Bandaríkjanna við þáttagerð og erum bara fínir félagar,“ segir Andri Freyr og bætir því við að í raun sé safnplata með KK svo góð hugmynd að furðu megi sæta að þetta hafi ekki verið gert fyrir löngu síðan. „Þetta er alveg fáránlegt.“

**Hógvær í dauðafæri**

Andri segist sjálfur safna plötum og hlusta mikið á þær og hafa áttað sig á að það vantaði tilfinnanlega KK í safnið. „Og ég spurði sem sagt KK hvort hann hefði aldrei pælt í að gefa út vínilplötu. Vegna þess að Lucky One kemur þegar geisladiskurinn er að taka yfir og vínillinn á útleið,“ segir Andri um stöðuna þegar KK kvaddi sér fyrst hljóðs fyrir alvöru fyrir 30 árum síðan.

„Ég spyr hann hvort það sé ekki dauðafæri að gera einhverja flotta útgáfu af bestu lögunum og hann náttúrlega er svo hógvær og fannst hann ekki vera alveg viss um hvort hann ætti til nóg í það.“

Andra fannst KK full efins en eftir að hafa bent honum á að Bubbi væri örugglega búinn að gera svona eins og fimm „best of“-plötur fór KK að hallast í rétta átt og var á endanum til í þetta. Með skilyrðum þó.

„Hann sagðist ekki alveg nenna að standa í þessu sjálfur en ef ég myndi nenna að gera þetta með honum þá gæti hann alveg skoðað þetta. Og ég var auðvitað til í það.“

**Þrír mánuðir af tónlist**

Eins og við var að búast átti Andri ærið verk fyrir höndum þegar kom að lagavalinu. „Kristján kom og henti í mig öllum diskunum sínum og ég spurði hvort hann ætti ekki líka eitthvað auka. Kannski einhverjar demo-útgáfur eða eitthvað óútgefið.

Þá kom hann sko bara með harðan disk með einhverjum þremur mánuðum af efni sem hefur ekki heyrst og það gerði ferlið aðeins flóknara fyrir mig þannig að ég þurfti að hlusta bara á KK í svona eins og tvo mánuði stanslaust og fann náttúrlega fullt af góðu stöffi.“

Andri segir aðspurður að valkvíðinn hafi vissulega verið mikill. „Þetta var rosalega erfitt og ég var með mörg lög í „kannski“ bunkanum sem voru að fara inn og út. En eins og ég segi þá var ég bara að hlusta stanslaust á KK í tvo mánuði og þetta var bara alltaf að breytast eiginlega fram á síðustu stundu.“



„Ég er náttúrlega alvanur því síðan í gamla daga að setja saman mix-spólur og brenna góða diska í bílinn þegar það var í gangi,“ segir Andri Freyr sem bjó að góðri reynslu þegar hann raðaði á safnplötuna hans KK. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> ÉG SPYR HANN HVORT ÞAÐ SÉ EKKI DAUÐAFÆRI AÐ GERA EINHVERJA FLOTTA ÚTGÁFU AF BESTU LÖGUNUM OG HANN NÁTTÚRLEGA ER SVO HÓGVÆR OG FANNST HANN EKKI VERA ALVEG VISS UM HVORT HANN ÆTTI TIL NÓG Í ÞAÐ.

*Og ekkert orðinn leiður á honum?*

„Nei, það er ótrúlegt. Það er alveg ótrúlegt,“ svarar Andri fullur af eldmóði og er til í meira. „Ég hlakka rosalega til að fá plötuna í hendurnar og geta sett þetta á fóninn. Að hlusta á KK á vínil í alvöru græjum.“

**Óhjákvæmilegt framhald**

Andri Freyr bendir einnig á að safnplatan sé ekki síst happafengur fyrir aðdáendur KK þar sem á henni megi finna fáheyrðar, gamlar upptökur. „Inn á þessa plötu ratar náttúrlega efni af blúskassettum sem hann var að „böska“ með á sínum tíma í Skandinavíu. Ég fékk alveg þrjár þannig spólur hjá honum sem eru alveg geggjaðar.

Og svo náttúrlega þegar öllu var á botninn hvolft þá var þetta orðið allt of mikið af lögum sem hann á og katalógurinn svo ógeðslega góður þannig að við ákváðum bara að hafa þetta frá 1985 til 2000 og taka svo kannski bara 2000 til 2020 á næsta ári. Eða þarnæsta.“

toti@frettabladid.is

vodafone

Fjölskyldupakkinn:

x2 + + + = 19.990 kr.

ALLT ÓTAKMARKAÐ

# ILVA




# 20%
## AF SUMARVÖRUM
## TIL OG MEÐ 3. MAÍ

©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta auglýsar villur.



**ATLANA GARÐSTÓLL**
Lavender eða grænn. 39.900 kr. **Nú 31.920 kr.**



**CANNES GARÐSTÓLL**
Endurunnið plast. Grænn eða svartur. 19.900 kr.
**Nú 15.920 kr.**



**ELLA GARÐSTÓLL**
Gulur eða grár. 28.900 kr. **Nú 23.120 kr.**

*Frí heimsending*

**Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU FYRIR ÞÁ SEM VERSLA FYRIR 20.000 EÐA MEIRA TIL OG MEÐ 3. MAÍ**



**ELLA SÓLBEKKUR**
L198 x B60 cm. 109.900 kr. **Nú 87.920 kr.**



**CONCORDE XL**
Garðborð, grátt duraboard og álfætur. L253 x B100 cm.
134.900 kr. **Nú 107.920 kr.**



**ARCTIC GAS ELDSTÆÐI**
Ø76,5 x H27,5 cm. 99.900 kr. **Nú 79.920 kr.**

**CLEVELAND 2JA SÆTA SÓFI**
89.900 kr.
Nú **72.495**



**CLEVELAND 2JA SÆTA SÓFI**
Dökkgrátt Soft 451 áklæði. L179 x D86 cm. 89.900 kr. **Nú 72.495 kr.**

# *Sófar* TAX FREE

## AF ÖLLUM SÓFUM, HÆGINDASTÓLUM, SÓFABORÐUM, MOTTUM, PÚÐUM OG ÁBREIÐUM*

*Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði. Gildir á meðan birgðir endast. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað ILVA



**CORBY SÓFABORÐ**
Marmaraplata, fótur úr brass. Ø80 x H45 cm.
69.900 kr. **Nú 56.367 kr.**



**CLEVELAND HÆGINDASTÓLL**
Bleikt eða dökkgrátt mjúkt áklæði. L65 x D70 cm.
36.900 kr. **Nú 29.756 kr.**



**RICHMOND SÓFABORÐ**
Olíuborin eikarspónn, fætur úr gegnheilli eik. Ø90 cm.
49.900 kr. **Nú 40.239 kr.**



**ORTO TUNGUSÓFI**
Blátt, grænt eða dökkgrátt velour áklæði.
L292 x D164 cm. 279.900 kr. **Nú 225.711 kr.**

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

# FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 | RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is | AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is | PRENTUN Torg ehf. | DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is







BAKÞANKAR




Hauks Arnar Birgissonar


## Sorrí, Húsavík

Hluta af mér líður eins og ég þurfi að fara til hverrar einustu indversku manneskju í þessu landi og biðja hana persónulega afsökunar," sagði bandaríski leikarinn Hank Azaria nýlega þegar hann taldi sig enn og aftur þurfa að iðrast þess opinberlega að hafa ljáð indverska verslunareigandanum Apu í Simpson-þáttunum rödd sína. Einhverjum þótti svívirðilegt að Bandaríkjamaður skyldi leika Indverja í skáldaðri teiknimynd.

Þetta er orðinn daglegur viðburður. Sífellt sármóðgast fólk, yfirleitt fyrir hönd einhverra allt annarra, yfir því að gert hafi verið á meintan hlut þeirra síðarnefndu. Hópurinn sem krefst afsagna og afsökunar fer fram í nafni sinnar eigin ríku réttlætiskenndar, sem hlýtur að vera eitthvert furðulegasta sjálfshól sem til er. Þótt flestir sjái í gegnum yfirborðskennt fjasið þá nenna fæstir að mótmæla því – með þeim afleiðingum að móðgunarblætið heldur áfram að grassera.

Um helgina þurfti eigandi pítsustaðarins Spaðans að biðjast afsökunar á því að hafa sagst ætla að keyra Domino's í þrot á næstu árum. Pitsustaðurinn var því beðinn afsökunar, svona eins og fyrirtækið hefði tilfinningar. Ætli íþróttafólk þurfi nú að lýsa því yfir að það hafi alls ekki í hyggju að sigra keppninauta sína?

Þegar svona er komið fyrir okkur þá skilur maður ekkert í því hvers vegna Húsvíkingar eru ekki froðufellandi af reiði yfir því að Will Farrell hafi vogað séð að leika Húsvíking á sama tíma og fjölda leikara má finna á Stór-Skjálfandasvæðinu. Þótt ég búi í Garðabæ þá krefst ég afsökunar frá Hollywood. Það einfaldlega gengur ekki að leikarar skuli fá að bregða sér í hlutverk annarra. Þetta hljóta allir með réttlætiskennd að sjá.





